

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Líknar- og menningarsjóð Þingvallahrepps“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráð- 108
 herra 7. nóvember 1932. Skipulagsskráin er þannig: 7. nóv.

SKIPULAGSSKRÁ

Líknar- og menningarsjóðs Þingvallahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknar- og menningarsjóður Þingvallahrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður: A. Með Gjöf Hannesar Guðmundssonar, Skógar-
 koti, árið 1906, þá að upphæð 1000 kr. til ekkna og munaðarlausra barna í Þing-
 vallahreppi, nú að upphæð kr. 2000.00. B. Með Menningarsjóði Þingvallahrepps,
 nú að upphæð kr. 400.00. Ennfremur áskotnist sjóðnum gjafir og áheit.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. $\frac{1}{3}$ vaxta sjóðsins má aðeins eyða
 samkvæmt tilgangi hans. Þá er sjóðurinn verður orðinn kr. 10000.00 má eyða
 $\frac{1}{2}$ vöxtunum, og þá er hann verður kr. 15000.00 má eyða $\frac{3}{4}$ vaxtanna.

4. gr.

Stjórn sjóðsins, sem sé hreppsnefnd Þingvallahrepps, geymir eignarskir-
 teini hans og önnur skjöl honum viðkomandi. Hún skal halda gerðabók um
 styrkbeiðnir og styrkveitingar og birta hreppsúum reikning sjóðsins árlega.
 Heimilt er stjórn sjóðsins að lána úr honum með ábyrgð Þingvallahrepps. Vext-
 ir af þeim lánnum séu jafnir og vextir á sama tíma í Búnaðarbanka Íslands.
 Lánin endurgreiðist á ekki skemmri tíma en 10 árum, með jöfnum afborgunum
 ár hvert.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur, svo og börn, sem stjórn
 sjóðsins álitur styrkþurfa. Styrk úr sjóðnum geta aðeins hlotið þeir er lögheimili
 hafa átt í Þingvallahreppi þrjú síðustu árin. Það er á valdi stjórnarinnar hve
 margir hljóta styrk í hvert skipti. Þeir skulu ávallt ganga fyrir sem bágstadd-
 astir eru. Ef stjórn sjóðsins álitur engan styrkþurfa, leggjast allar renturnar við
 sjóðinn. Sömu leiðis má verja úr sjóðnum til hverskonar menningarbóta innan
 Þingvallahrepps.

108

7. nóv.

6. gr.
Skipulagsskrá þessari má breyta að öðru en því, er snertir tilgang sjóðsins, ef $\frac{2}{3}$ fundarmanna á almennum hreppsfundi samþykkja.

7. gr.

Tilgangi sjóðsins verður ekki breytt nema $\frac{3}{4}$ atkvæðisbærra hreppsbúa samþykki, enda verði arði sjóðsins varið til einhverra opinberra almennra fyrir-
tækja eða framkvæmda innan hreppsins.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Á hreppsfundi, sem haldinn var að Valhöll 16. maí 1932, var ofanskráð skipulagsskrá samþykkt í einu hljóði.

F.h. hreppsnefndar Þingvallahrepps.

Jón Guðmundsson.

109

14. nóv.

REGLUGERÐ

um

framkvæmd laga nr. 70, 23. júní 1932, um gjaldfrest bænda.

1. gr.

Þeir, sem landbúnað hafa að aðalatvinnu, eiga rétt á að fá gjaldfrest á skuldum sínum eftir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 70, 23. júní 1932.

Fresturinn nær aðeins til höfuðstóls þeirra skulda, sem stofnaðar eru fyrir 1. janúar 1932. Fresturinn nær ekki til opinberra skatta og gjalda, né heldur til skulda, sem stafa af ógreiddu verkakaupi eða aflahlut.

2. gr.

Í sýslufélagi hverju og kaupstað skal skipa nefnd þriggja manna til að inna af hendi það starf, sem lög þessi ákveða, og jafnmarga til vara. Nefnd þessi, sem heitir skilanefnd, skal skipuð þannig, að atvinnumálaráðherra tilnefni formann, en sýslunefnd eða bæjarstjórn hina tvo. Um val varamanna fer eftir sömu reglum. Skilanefndarmenn skulu vera búsettir á starfssvæði sínu.

Í hverri skilanefnd skulu vera að minnsta kosti tveir menn, sem góða þekkingu hafa á atvinnurekstri bænda og yfirleitt skal velja nefndarmenn þannig, að þeir séu sem best kunnugir högum bænda í umdæmi sínu.